



Starfshópur um heimili fyrir fatlað fólk

Fjölskylduráð samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2022 að stofna starfshóp sem hafi m.a. það verkefni að greina búsetuþörf fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir í Hafnarfirði. Starfshópurinn afli upplýsinga um mismunandi búsetuform, ræði mismunandi leiðir og setji fram tillögur sem verða teknar til umræðu og afgreiðslu í fjölskylduráði.

Starfshópurinn starfi í umboði fjölskylduráðs. Með starfshópnum starfar sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs ásamt þeim starfsmönnum sem að málaflöknum koma.

Í starfshópnum eiga sæti 2 fulltrúar frá meirihluta bæjarstjórnar, 2 fulltrúar frá minnihluta og 2 fulltrúar frá Ráðgjafarráði fatlaðs fólks.

Hópurinn hélt 4 fundi en í erindisbréfi kemur fram að starfshópurinn skal funda að hámarki fimm sinnum.

Á fyrsta fundi starfshópsins var farið yfir verkefni hópsins og erindisbréf. Farið var yfir helstu forsendur varðandi uppbyggingu búsetukjarna s.s. leigugreiðslur, Jöfnunarsjóðsgreiðslur, lóðaframboð o.fl. Á fundinum voru lagðar fram viðamiklar upplýsingar um íbúðakjarna og herbergjaheimili fyrir fatlað fólk í sveitarfélaginu. Veittar voru upplýsingar um samsetningu kjarnanna, fjölda íbúa, fjölda herbergjaheimila, eignarhald o.fl.

Rætt var um mikilvægi framtíðarsýnar í uppbyggingu og áætlun hvað varðar úreldingu herbergjaheimila. Fram kom að mikilvægt er að fjölbreytileiki sé fyrir hendi til að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að það sjónarmið sé haft að leiðarljósi að fólki sé aldrei boðinn lakari kostur en það er í nú þegar.

Á öðrum fundi starfshópsins var gerð greining á verkefnum framundan í búsetumálum fatlaðs fólks og var niðurstaða fundarins að unnin verði greinargerð með helstu áhersluatriðum sem starfshópurinn var sammála um. Á síðustu tveimur fundum starfshópsins var unnið að greinargerðinni og niðurstöðum starfshópsins.

Niðurstöður

- Á næstu fjórum árum verið stefnt að byggingu fjögurra búsetukjarna. Mikilvægt er að dreifa búsetukjörnum um sveitarfélagið og horfa meðal annars til hverfa þar sem ekki eru búsetukjarnar í dag. Sótt verði um tvær lóðir annars vegar í Hamranesi og hins vegar Áslandi 4. Lóð að Smyrlahrauni 41a er frátekin fyrir búsetukjarna og óskað verður eftir lóðum á þéttingarreitum. Dæmi um þéttingarreit sem gæti hentað fyrir íbúðakjarna er í Norðurbæ en í þeim bæjarhluta er enginn búsetukjarni. Einnig er lóð á Öldugötu sem gæti verið hentug en þá mögulega fyrir þá sem eru sjálfstæðari og þurfa þjónustu frá þjónustu kjarna.



Hafnarfjörður

- Gera þarf áætlun um húsnæði fyrir fatlað fólk sem býr hjá foreldrum eða öðrum aðstandendum.
 - Lóð á Smyrlahrauni verði fyrir fatlað fólk með þroskahömlun sem er að flytja að heiman í búsetukjarna.
 - Sá hópur ungmenna sem býr í hjá aðstandendum er alla jafna í skammtímadvöl í Hnotubergi í Hafnarfirði og í Hrauntungu í Kópavogi. Tryggja þarf flæði í og úr skammtímadvöl og að þeir sem eru búnir að bíða lengi eftir húsnæði komist að heiman og losi þar með dvalarrými í skammtímadvöl.
- Gera þarf áætlun um húsnæði fyrir fólk með flókinn, fjölþættan vanda.
 - Vanda þarf sérlega vel til með staðsetningu húsnæðis fyrir þennan hóp.
 - Uppbygging húsnæðis þarf að hefjast sem fyrst og vera hluti af fjögurra ára áætlun.
- Gera þarf áætlun um herbergjaheimili og framtíð þeirra.
 - Herbergjaheimili sem ekki uppfylla kröfur um sérrými fyrir íbúa verði aflögð eða gerðar breytingar á húsnæðinu í samráði við íbúa ef vilji er til þess af þeirra hálfu.
 - Fá mat sérfræðinga hvaða herbergjaheimilum er hægt að breyta svo það henti nútíma kröfum og hvaða húsnæði borgar sig ekki að breyta. Þá þarf mögulega að nýta tímabundið annað húsnæði fyrir íbúa á meðan verið er að breyta þeirra heimili í húsnæði sem uppfyllir nútíma kröfur.
 - Gerð verði áætlun um það í hvaða röð herbergja heimili verði lögð niður eða húsnæði breytt svo það standist nútíma kröfur. Herbergjaheimili að Smárahvammi verði næsta herbergjaheimili sem lagt verði af eða breytt fyrir núverandi íbúa. Svöluhraun 19 og Erluás 68 verði næst í röðinni.
 - Uppbygging eða endurbætur húsnæðis fyrir íbúa í Smárahvammi verði hluti af fjögurra ára áætlun og unnin samhliða fjölgun búsetukjarna fyrir aðra hópa.
 - Allar tillögur eða fyrirhugaðar breytingar á húsnæði eða búsetu íbúa á herbergjaheimilum verði í samráði við íbúa og þeirra talsmannanna og með aðkomu réttargæslumanns.
- Ekki verði byggt samkvæmt lægstu viðmiðum og íbúðir í búsetukjörnum þurfi að vera rúmgóðar og horft sé þar til framtíðar. Sett verði viðmið um stærð húsnæðis.
 - Viðmið samkvæmt reglugerð er í dag er að íbúðir skulu að jafnaði ekki vera minni en 40-60 fermetrar að stærð.
 -
 - Lagt er til að viðmið hjá Hafnarfjarðarbæ sé að íbúðir skulu ekki vera undir 58 fermetrar.
 - Viðmið um fjölda íbúða í búsetukjörnum verði 5 til 6 íbúðir.
 - Alla jafna skal viðmið um fjölda íbúa í íbúðakjarna verði 5. Þó sé horft í félagsleg gildi og vináttu þegar ákveða á fjölda íbúa í búsetukjarna. Þó aldrei meira en 6 íbúðir.
 - Lögð verði áhersla á sveigjanleika í íbúðum með möguleika á að hluti íbúða verði með viðbótar sér inngangi í búsetukjörnum sem eru með inngangi í íbúðir úr sameiginlegu rými, t.d. aðgengi að tveimur íbúðum verði líka með sérinngangi.



Hafnarfjörður

- Gera þarf greiningu á fjölda ungmenna sem þurfa á sértæku húsnæði að halda. Á næstu 5-10 árum. Stefna skal að því að biðtími eftir sértæku húsnæði verði ekki lengri en 4-6 ár. Tekið verði mið af aldri umsækjenda við mat á úthlutun.
- Ráðinn verði verkefnastjóri tímabundið til að fylgja eftir niðurstöðum starfshópsins og vinna þau verkefni sem tilgreind eru í niðurstöðum og hafa yfirumsjón með koma uppbyggingu húsnæðis af stað.

Hafnarfjörður 29. apríl 2022